

Allsherjarnefnd Alþingis
Selma Haflíðadóttir, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2008

Tilv. 40.13
MK/JP/gg


Landspítali (LSH) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri, 44. mál.

Í greinargerð með ályktuninni er gerð grein fyrir mikilvægi þyrlubjörgunarsveitar á Akureyri við jöfnun á öryggi sjófarenda á leiðum umhverfis landið. Einnig er bent á hlutverk þyrlusveitar við sjúkraflutninga.

Við núverandi aðstæður er læknisfræðileg forsjá og ábyrgð með starfsemi neyðarlínu, sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu, sjúkraflutningaþætti þyrluþjónustu Landhelgisgæslunnar og starfræksla greiningarsveitar í almannavarnarútkalli hjá slysa- og bráðasviði Landspítala. Sjúkraflug með hefðbundnum flugvélum er starfrækt frá FSA og er læknisfræðileg ábyrgð og forsjá hjá FSA. Þyrlur eru lágflugstæki sem hafa takmarkaða fluggetu sem miðast m.a. við birtustig og veður. Það er því ekki óalgengt að þyrla sem kvödd er á vettvangi fyrir norðan land þurfi að þræða strandlengjuna og jafnvel taka eldsneyti á leið sinni til björgunarstarfa fyrir norðan heiðar.

Í ljósi þess sem að framan getur er mikilvægt frá sjónarhorni jöfnunar á heilbrigðisþjónustu landsmanna (sbr. heilbrigðislag) að þyrla sé staðsett á Akureyri. Um skipulag og skiptingu landsins í þjónustusvæði þarf að fjalla nánar en nýlega hefur nefnd um skipulag sjúkraflutninga á Íslandi, á vegum heilbrigðisráðuneytis, lokið störfum og bar málið á þar góma. Það er ljóst að auk flugrekstrarkostnaðar vegna slíkrar þjónustu á Akureyri (væntanlega umtalsverður) þarf aukningu í mannhaldi á FSA til að unnt sé að standa undir lágmarks þjónustu lækna og/eða annarra heilbrigðisstarfsmanna í slíkri áhöfn. Mikilvægt er að starfsemi þeirrar þjónustu sem hér er fjallað um og læknisfræðileg forsjá og ábyrgð sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu verði samþætt eins og hefur verið fjallað um í framangreindri skýrslu vinnuhóps á vegum heilbrigðisráðuneytis.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri